



Alþingi – nefndarsvið
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2023

Efni: Umsögn HMS um frumvarp til laga til breytinga á umferðarlögum (EES-reglur, ökutæki og fl.) – 589. mál

Vísað er í umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 13. febrúar 2023 um frumvarp til laga um umferðarlög (EES-reglur, ökutæki o.fl.), 589. mál. Eftirfarandi er umsögn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (hér eftir HMS):

Með frumvarpinu er lagt til að HMS verði falið hlutverk markaðseftirlitsstjórnvalds samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858. Ber markaðseftirlitstjórnvaldi að framkvæma reglulegar athuganir til að sannprófa ökutæki, kerfi, íhluti og að aðskildar tæknieiningar uppfylli viðeigandi kröfur. Skal framkvæma þær athuganir með sannprófun skjala og eftir því sem við á með prófunum á rannsóknastofu og á vegum. Er aðildarríkjum heimilt að semja við markaðseftirlitsyfirvald annars aðildarríkis um að annast prófanir fyrir sína hönd. Með hlutverk viðurkenningarstjórnvalds fer Samgöngustofa og jafnframt er Vinnueftirlitinu falið markaðseftirlit með öllum smáfarartækjum.

Líkt og í frumvarpinu greinir hefur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun það lögbundna hlutverk skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 137/2019 að starfa að stjórnarsýsluverkefnum m.a. á sviði vöruöryggismála og opinberrar markaðsgæslu. Var það hlutverk stofnunarinnar lögfest með lögum nr. 18/2021 sem samþykkt voru á Alþingi í mars 2021. Þar að auki sinnir stofnunin stjórnarsýsluverkefnum á sviði húsnæðismála, mannvirkjamála, rafmagnsöryggismála, byggingarvara og brunavarna. Með lögum nr. 36/2022 sem samþykkt voru á Alþingi í júní 2022 var fasteignaskrá ásamt tengdum skráum færðar til HMS og verkefni sem lúta að fasteignamati, brunabótamati, landeignaskráningu og fl. Kjarnastarfsemi stofnunarinnar liggur því einkum á sviði húsnæðis, fasteigna og mannvirkja. Þau stjórnarsýsluverkefni sem HMS sinnir á sviði vöruöryggis og opinberrar markaðsgæslu eru sum nátengd kjarnastarfsemi stofnunarinnar líkt og markaðseftirlit með byggingarvörum, rafföngum, vishönnun vöru og orkumerkinga. Sum eru hins vegar með öllu ótengd kjarnastarfsemi stofnunarinnar og mun það einnig gilda um þau verkefni sem HMS er falin með frumvarpi þessu.

Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að aukinn og óhjákvæmilegur kostnaður HMS vegna markaðseftirlits og prófunar ökutækja geti numið 20 millj. kr. á ári. Eðli málsins samkvæmt er ekki gert ráð fyrir að þeim kostnaði verði mætt með auknum tekjum á grundvelli nýrra þjónustugjalda og þarf því að gera ráð fyrir aukinni fjárheimild til stofnunarinnar til að mæta auknum kostnaði. Það er mat HMS á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fram um áætlaðan kostnað af markaðseftirliti og prófun ökutækja að umræddur kostnaður geti verið umtalsvert hærri þegar tekið er tillit til lágmarksfjöldi prófana eða allt að 60 millj. kr. á ári. Er þá ekki tekið tillit til nýrra stöðugilda hjá HMS



vegna verkefnanna sem stofnunin áætlar að verði um 2-3. Þá liggur ekki fyrir nein sérfræðipækning innan HMS um ökutæki og því ekki hægt að gera ráð fyrir sömu samlegðaráhrifum varðandi mönnun verkefna líkt og hefði t.a.m. verið hægt væri verkefnið staðsett hjá Samgöngustofu.

Virðingarfyllst,

f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Rún Knútsdóttir, yfirlögfræðingur